



{ Viðtakandi}  
{ bt: Sóleyjar Valdimarsdóttur}  
{ [skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is)}

**Efni:**

Aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegjar. Ósk um umsögn vegagerðarinnar

Vegagerðin geri ekki athugasemdir við framlögð gögnum vegna breytinga á aðalskipulagi Múlapings.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurláun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin](https://www.vegagerdin.is)  
[@vegagerdin.is](https://www.vegagerdin.is)

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Jón Valgeir Sveinsson  
Deildarstjóri  
Tækindeild Austursvæði

Undirskrift



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1  
765 Djúpvaggi

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 25. ágúst 2022  
MÍ202207-0039/ 6.08 / Þ.E.H.

## Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - breyting vegna náma við Axarveg

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs Múlaþings frá 7. júlí sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi skipulagslýsingu fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegar. Meðfylgjandi var skipulagslýsingin, dags. 16. júní 2022.

Vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar Axarvegar hefur komið í ljós að þörf sé fyrir meira efni í framkvæmdirnar en gert hafi verið ráð fyrir í matsskýrslu vegna framkvæmdanna. Í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs eru tvær námur sýndar á svæðinu með auðkenni E105 og E106. Ekki er lengur talin þörf á námu E105 og lokið verður við efnistöku á svæði E106 og það síðan notað til haugsetningar. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs verður því gert grein fyrir fimm nýjum námum á svæðinu.

- Sunnan við Innri-Yxnagil (22930)
- Norðan við Tjaldlæk (22931)
- Norðan við Axarárnes (22938)
- Sunnan við Axarárnes (22936)
- Norðan við Stóralæk (22932)

Eins og kemur fram í greinargerðinni vann Antikva ehf. fornleifaskráningu vegna breyttar veglínu og vegna fyrirhugaðra efnistökusvæða. Niðurstöður þeirrar skráningar birtust í skýrslu; *Vegur yfir Öxi. Fornleifaskráning* (skýrsla gefin út árið 2021).

Samkvæmt fornleifaskráningunni og skipulagslýsingunni munu þrjár vörður verða fyrir raski vegna fyrirhugaðra efnistökusvæða. Um er að ræða vörðu 60:72, vörðu 60:71 og vörðu 60:58.

*Minjastofnun Íslands veitti umsögn um fyrirhugaðar Axarframkvæmdir og námusvæði þar á meðal með bréfi, dags. 20. júní 2022. Minjastofnun veitti einnig umsögn um hvort meta þyrfti umhverfisáhrif framkvæmdanna með bréfi, dags. 23. maí 2022. Minjastofnun telur*

**Puríður Elísa  
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

*fornleifaskráningu þeirra varða sem getið er hér að ofan og eru í hættu vegna fyrirhugaðra náma vera fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna náma fyrir Axarveg en minnir á að tillaga að breytingu aðalskipulagsins þarf að berast stofnuninni til umsagnar. Stofnunin veur einnig athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:*

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

*Nánari upplýsingar veitir undirrituð.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

*Afrit sent í tölvupósti:*

*Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))*

*Skipulagsfulltrúi Múlaþings ([skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is))*



Umhverfis- og framkvæmdasvið Múlaþings  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

Gunnarsholti, 19. ágúst 2022

### Umsagnarbeiðni: Aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegjar

Landgræðslunni barst til umsagnar skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytinga á Aðalskipulagi Fljótdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegjar. Landgræðslan hefur kynnt sér tillögurnar og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan bendir á að fyrirhugaðar námur eru í töluverðri hæð yfir sjávarmáli þar sem gróður á eigi uppdráttar. Gera má á ráð fyrir að endurheimt þess gróðurs sem fórnað verður við framkvæmdir muni taka langan tíma. Jafnframt megi búast við að mótvægisáðgerðir beri lítinn árangurs þar.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu: efnistaka vegna Axarvegjar á þessu stigi en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar,

Davíð Arnar Stefánsson,  
sérfræðingur

## Umsögn NÍ, 15.8.22

**Til** : Sóley Valdimarsdóttir <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>  
**Frá** : Snorri Sigurðsson - NÍ <Snorri.Sigurdsson@ni.is>  
**CC** : Eydis Lindal Finnbogadóttir - NÍ <Eydis.L.Finnbogadottir@ni.is>  
**Heiti** : Umsögn NÍ, 15.8.22  
**Málsnúmer** : 202203263  
**Málsaðili** : Vegagerðin  
**Skráð dags** : 15.08.2022 09:59:59  
**Höfundur** : Snorri Sigurðsson - NÍ <Snorri.Sigurdsson@ni.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag,

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 7. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 20. maí 2022 um matsskyldu framkvæmdarinnar við efnistöku vegna Axarvegar. Í þeirri umsögn taldi stofnunin að framkvæmdin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum enda þótt námurnar séu allmargar og sumar nokkuð stórar þá eru hvorki jarðminjar né gróðurfar á svæðinu sem hefur sérstaklega hátt verndargildi.

Einkum eru það ásýndaráhrif sem þarf að huga að og því er mikilvægt að allur frágangur við námasvæði sé vandaður til að draga úr áhrifum á landslag svæðisins. Æskilegt er að lagt sé mat á þessi ásýndaráhrif þegar unnið er að breytingu á aðalskipulagi og hugað að nauðsynlegum mótvægisáðgerðum. Þar er naman sunnan við Axarárnes (22936) sérstaklega mikilvæg vegna stærðar og umfangs hennar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection  
.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



---

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir"

**To:** "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" ; "Þuríður Elísa Harðardóttir" ; "Umhverfisstofnun" ; "Móttaka - NI" ; "Land.is - LAND" ; "Vegagerðin - VG"

**CC:**

**Subject:** 202203263 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting, efnistaka vegna Axarvegjar

**Date:** 7.7.2022 13:44:35

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir námur vegna Axarvegjar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Greinagerð er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið [skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **18. ágúst 2022**.

Bestu kveðjur,

image001.gif Sóley Valdimarsdóttir  
Ritari á umhverfis- og  
framkvæmdasviði  
Sveitarfélagið Múlaþing  
(354) 4 700 748  
[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)  
[www.mulathing.is](http://www.mulathing.is)

[Skilmálar varðandi tölvupósti](#)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**Málsnúmer** : 202203263

**Málsaðili** : Vegagerðin

**Niðurstaða** : Fyrir liggur til umsagnar verkefnislýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028, dagsett 16. júní 2022, vegna náma við nýjan Axarveg. Heimastjórn Fljótshéraðs gerir ekki athugasemdir við verkefnislýsinguna en leggur áherslu á að allur frágangur við lok efnistöku verði sem vandaðastur og falli að landinu. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Inngangur** : Fyrir liggur til umsagnar skipulagslýsing, dagsett 16. júní 2022, fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 vegna náma við nýjan Axarveg.

**Fundardags** : 4.8.2022

**Skráð dags** : 4.8.2022 16:02:05

**Höfundur** : Óðinn Gunnar Óðinsson



11. júlí 2022

Múlaþing  
Umhverfis- og framkvæmdasvið  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

### Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028

Vísað er í tölvupóst dagsettan 7. júlí sl. hvar óskað var umsagnar um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028. Skipulagslýsingin sem hér er til umsagnar er unnin af Alta og er dagsett 16. Júní 2022.

Fram kemur að til þess að afla efnis í Axarveg standi til að bæta við samtals fimm efnistökusvæðum (námum) inn á aðalskipulag:

- Sunnan við Innri-Yxnagilsá
- Norðan við Tjaldlæk
- Norðan við Axarárnes
- Sunnan við Axarárnes
- Norðan við Stóralæk

HAUST gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Þó er rétt að vekja athygli á því að efnistaka fellur undir tölulíð 2.6. í viðauka X við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og er því háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Múlaping  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 4. ágúst 2022  
UST202207-139/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 - námur – Axarvegur. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlapingis dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda aðalskipulagsbreytingu.

Um er að ræða ýmist aukna efnistöku úr námum sem fjallað var um við mat á umhverfisáhrifum veglagningar um Öxi 2011 og hins vegar þrjár nýjar námur. Auk þess fellur ein náma E105 niður.

Á Öxi er fremur rýr gróður og litlir möguleikar á því að minnka sjónræn áhrif efnistökkunnar með gróðri. Þar sem hér verður líklegar um talsverðar bergskeringar ætti að mati Umhverfisstofnunar að leggja áherslu á landmótun samfara efnistökkunni. Ef mögulegt er ætti að reyna að fjarlægja algerlega stakar jarðmyndanir í stað þess að skilja eftir skertan hluta þeirra. Sem dæmi um slíkt vill Umhverfisstofnun benda á grjótnámu við Hringveg 1 nærri Svalbarðseyri þar sem lítila bergnámu er verið að nýta og þarna er ráðgert að taka allan bergganginn þannig að lítil eða engin ummerki verða eftir um þessa jarðmyndun að efnistöku lokinni. Jarðfræðingar Vegagerðarinnar mættu hafa þetta í huga við gerð efnistökuáætlana á Öxi.

Bent skal á að kort í greinargerð sem sýnir námusvæðin er ekki í samræmi við lýsingar í texta.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
*teymisstjóri*